

Fundargerð aðalfundar 2010

Aðalfundur Skýrslutækni félags Íslands haldinn á Engjateig 9, jarðhæð 9. febrúar 2009 kl. 16:00- 17:30

Jóhann Gunnarsson var einróma kosinn fundarstjóri og staðfesti hann að fundurinn væri löglegur. Jóhann lagði til að starfsmenn Ský yrðu fundarritarar og var það samþykkt einróma. Hann tilkynnti að fundurinn hefði verið boðaður löglega, með 19 daga fyrirvara og væri því löglegur. Samtals mættu 19 félagar.

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2009

Magnús Hafliðason, formaður Skýrslutækni félagsins, flutti skýrslu stjórnar og var hún samþykkt einróma. **Sjá skýrslu hér.**

2. Skýrslur nefnda og starfshópa

- Öldungadeild. Örn Kaldalóns var fulltrúi öldungadeildar og flutti hann skýrslu hópsins. [Sjá nánar.](#)
- Orðanefnd, Sigrún Helgadóttir formaður nefndarinnar tók til máls og sagði að starfsemin hefði ekki verið mikil á árinu. **Sjá skýrslu orðanefndar.**
- Ritnefnd Tölvumála. Þorvarður Kári Ólafsson formaður ritnefndar sagði frá starfi ritnefndar á árinu. Gefið var út eitt tbl. á árinu 2009. Sjá skýrslu [ritnefndar.](#)
- UT-konur. Steinunn Sigurbjörnsdóttir flutti skýrslu UT-kvenna í forföllum formanns. [Sjá nánar.](#)
- Fókus. Ásta Thoroddsen flutti ársskýrslu Fókus 2009 og sagði frá stöðu undirbúnings STC 2010 ráðstefnu í vor. Sjá ársskýrslu [Fókus](#)
- Kristján G. Arnþórsson flutti skýrslu stjórnar í fjarveru Svavars Inga Hermannsson formaður faghóps um öryggismál. **Sjá nánar.**
- Sæmundur E. Þorsteinsson formaður faghóps um fjarskiptahóps og fulltrúi Ský í fagráði um fjarskipti á vegum samgönguráðuneytisins flutti skýrslu faghópsins. **Sjá nánar.**
- Engin fulltrúi var frá faghóp um vefstjórnun.

Umræður voru teknar eftir flutning allra skýrslna. Ábendingar til UT-kvenna um að þær eigi samleið með Ský og passi vel í þjóðfélagsumræðu um stöðu kvenna. Þær hvattar til að sækja sér styrki í félagsstarfið. Skorað var á öryggishóp að standa að viðburðum um málefnið þar sem það sé mjög mikilvægt. Fram kom að starfsemi

faghóps um rafræna opinbera þjónustu er fyrir alla en fjallar þó eingöngu um það málefni, ekki rafræna þjónustu almennt. Að lokum var minnt á HINC ráðstefnu sem haldin verður í sumar í Svíþjóð.

3. Reikningar félagsins fyrir árið 2009

Bjarni Sigurðsson, gjaldkeri skýrði og lagði fram reikninga félagsins og þar kom fram að enn er tap á rekstri félagsins. Þó hefur það minnkað verulega og aðgerðir stjórnar á árinu hafa sannað sig og gert er ráð fyrir viðsnúningi á árinu 2010. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

4. Breytingar á samþykktum félagsins

Engar tillögur voru um breytingar að samþykktum félagsins.

5. Ákvörðun félagsgjalda fyrir árið 2010

Bjarni Sigurðsson lagði fram tillögu stjórnar að óbreyttum félagsgjöldum til fyrirtækja:

kr. 21.500 fyrir fyrsta mann, kr. 10.700 fyrir annan mann og fyrir þriðja mann og fleiri kr. 5.400

Einstaklingsaðild er yrði lækkuð úr kr. 10.700 í 5.400 sé hann ekki á vegum fyrirtækis. Á móti lækkuninni er ekki lengur sérstakt gjald í faghópa heldur greiðist skv. þessu verðmódeli eftir því hvort fyrirtæki borga eða einstaklingar.

Þessar tillögur voru niðurstaða nefndar sem sett var af stað í framhaldi af síðasta aðalfundi til að einfalda félagsgjöld Ský. Tillagan var samþykkt af stjórn Ský í desember 2009 og því lögð fram á aðalfundinum.

Tillagan um félagsgjöld 2010 var samþykkt af öllum fundarmönnum.

6. Stjórnarkjör

Aðalstjórn

Staða formanns var laus til tveggja ára og einungis barst eitt framboð í hana:

Sigrún Gunnarsdóttir

Hún var því sjálfkjörin.

Á aðalfundi 2010 voru þrjú sæti laus í aðalstjórn

Þessir aðilar buðu sig fram:

Ragnheiður Magnúsdóttir til tveggja ára

Magnús Hafliðason til tveggja ára

Þórhildur Hansdóttir Jetzek til tveggja ára

Engin mótframboð bárust og er þetta fólk því sjálfkjörið.

Varastjórn

Aðalfundur 2010 þarf að kjósa tvo varamenn til eins árs.
Þessar tillögur að varamönnum voru lagðar fram:
Jón Heiðar Þorsteinssonar
Sigurður Friðrik Pétursson

Engin mótframboð bárust og er þetta fólk því sjálfkjörið.

Á næsta aðalfundi, 2011 verða þessi sæti laus til tveggja ára;

Hjörtur Grétarsson, til tveggja ára
Bjarni Sigurðsson, til tveggja ára
ásamt varamönnum til eins árs.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Sigurjón Pétursson og Sigurður Bergsveinsson gáfu kost á sér áfram sem skoðunarmenn reikninga og var tillagan samþykkt samhljóma.

8. Nefndakjör

Þorvarður Kári Ólafsson gaf kost á sér aftur sem *ritstjóri Tölvumála* og var einróma kjörinn.

Siðanefnd var sjálfkjörinn aftur en siðanefnd er kosin til eins árs
Stjórn félagsins skipar Orðanefnd og þess vegna var hún ekki í kosningu hér.

9. Önnur mál

Nýr formaður sagði nokkur orð um að framundan væri spennandi ár og mikill hugur í fólki.

Fundarritari: Arnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Ský.